

ÁGRIP AF ÞINGGERÐ KKI 1961.

1. ársþing Korfuknattleikssambands Íslands 1961 var haldið í húsakynnum ÍSÍ að Grundarstíg 2A, 12. nóv. 1961.

Formaður KKI, Bogi Þorsteinsson, setti þingið með stuttri ræðu kl. 14,20 og bauð fulltrúa velkomna. Sérstaklega bauð hann velkominn til þingsins Benedikt G. Waage, forseta ÍSÍ, og þakkaði honum þá velvild og aðstoð, sem hann hefði sýnt hinu nýja sambandi.

Þá gat formaður þess, að frækvæmdastjóri ÍBR, Sigurgeir Guðmannsson, hefði orðið við ósk stjórnarinnar um að sitja þingið, og gerði hann það að tillögu sinni, að hann yrði kjörinn forseti þingsins og stjórnaði því. Var það einróma samþykkt.

Þingritarar voru kosnir Kristinn Jóhannsson og Magnús Björnsson. Tók nú Sigurgeir Guðmannsson við störfum forseta og gaf forseta ÍSÍ, Benedikt G. Waage, orðið.

Forseti þakkaði formanni KKI vinsamleg orð í sinn garð. Flutti hann KKI kveðjur ÍSÍ og kvæðst vona að þetta unga samband, sem svo myndarlega hefði farið af stað, ætti gigtudrjúga framtíð fyrir höndum.

Á eftir ávarpi forseta ÍSÍ var tekið fyrir næsta mál dagskrárinnar, en það var kosning fastra nefnda.

Kjörbréfanefnd:

Magnús Björnsson
Halldór Sigurðsson
Ingi Gunnarsson

Fjórhagsnefnd:

Ásgeir Guðmandsson
Þór Hagalín
Þórhallur Stígsson

Laganefnd:

Helgi Jónsson
Marínó Sveinsson
Sigurður Guðmundsson

Allsherjarnefnd:

Benedikt Jakobsson
Helgi Ágústsson
Hjördís Guðbjörnsdóttir

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa og jafnframt var tekið fyrir næsta mál, sem var skýrsla stjórnarinnar, sem formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, flutti.

Þá skilaði kjörbréfanefnd álit og lagði til, að kjörbréf yrðu tekin gild, en fram komu eftirfarandi:

Frá Körfuknattleiksráði Reykjavíkur:

Halldór Sigurðsson

Helgi Ágústsson

Marínó Sveinsson

Ólafur Geirsson

Þór Hagalín.

Frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar:

Hjördís Guðbjörnsdóttir

Rúnar Brynjólfsson

Frá Íþróttabandalagi Reiflavíkur:

Þórhallur Stígsson

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja:

Ingi Gunnarsson

Frá Héraðssambandi Vestur-Ísfirðinga:

Sigurður Guðmundsson.

Næst las Helgi Jónsson endurskoðaða reikninga KKÍ og voru þeir samþykktir samhljóða.

Hvorki skýrslunnar né reikninga verður getið hér, þar sem þeim var úthlutað prentuðum á þinginu og verða send hlutaðeigandi.

Umráður urðu engar um skýrslu formanns eða reikninga. Þá lagði stjórnin fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og hafði formaður framsögu um hana. Var henni vísað til fjárhagsnefndar.

Næsta mál var laga- og leikreglubreytingar þær, sem komið höfðu fram á árinu og hafði Helgi Jónsson framsögu. Að máli hans loknu kvæddi Bogi Þorsteinsson sér hljóðs og skýrði frá því, að stjórn KKÍ teldi breytingarnar á körfuknattleikslögunum svo miklar, að nauðsynlegt væri fyrir dómara að kynna sér þær rækilega áður en lögin tæku gildi. Bar hann fram tillögu þess efnis, að körfuknattleikslögin tæku gildi um næstkomandi áramót. Var henni vísað til laga

og leikreglanefndar, svo og reglugerð um körfuknattleiks-
mót, sem stjórn KKI leggur fyrir Körfuknattleiksþing til
samþykktar.

Formaður útbreiðslunefndar, Ásgeir Guðmundsson, tók
til máls og skýrði frá reglum og ókvæðum um tæknimerki
KKI, sem Benedikt Jakobsson hefir þýtt úr sænsku fyrir stjórn
KKI. Var reglunum vísað til allsherjarnefndar til frekari
afgreiðslu.

Var nú gefið kaffihlé og störfuðu nefndir á meðan.

Að kaffihléi loknu skiluðu nefndir álit. Fyrst var
tekið fyrir álit fjárhagsnefndar. Reifaði formaður nefndar-
innar málið og bak fram eftirfarandi tillögur:

"1. þing KKI, haldið í Reykjavík 12. nóv. 1961, samþykkir
að fela stjórn sambandsins að hrinda af stað happdrætti til
fjáröflunar, vegna væntanlegrar Norðurlandakeppni í körfu-
knattleik, er fræm fer í Stokkhólmi haustið 1962.

"1. þing KKI, haldið í Reykjavík 12. nóv. 1961, beinir
þeirri áskorun til stjórnar ISÍ, að hafin verði nú þegar
athugun á því, hvort ekki sé tiltækt að koma á fót lánastofnun
undir stjórn íþróttá- og æskulýðssamtakanna í landinu til
þess að skapa varanlegan fjárhagsgrundvöll þeirra."

Voru báðar þessar tillögur samþykktar samhljóða.

Eftirfarandi fjárhagsáætlun far samþykkt fyrir næsta
starfsár.

Gjöld:

Utanferð landsl. á Pálarcup 1962	kr. 115.000,00
Þjálfun landsl.	" 15.000,00
Búhingar	" 7.200,00
Skrifstofukostnaður	" 2.000,00
Gjafir	" 2.500,00
Ymiss kostn.	" 3.300,00
	<u>kr. 145.000,00</u>
Víxilskuld kr. 15.111,65	
og KKRR " 5.000,00	" <u>20.111.65</u>
	<u><u>kr. 165.111.65</u></u>

Tekjur:

Tekjur af mótum og leikum	kr. 15.000,00
Skattur frá ÍSÍ	" 2.000,00
Kennslustyrkur	" 8.000,00
Ferðast. v/landsl.	" 40.000,00
St. vegna ferða á þing FIBA	" 4.500,00
Tekjur af leikskrá	" 15.000,00
	<hr/>
Mismunur	kr 84.500,00
	" 80.611,65
	<hr/>
	kr 165.111,65
	=====

Næst skilaði laga- og leikreglanefnd sínu álit, en til hennar hafði verið skotið eftirfarandi tillögum:

1. Að reglugerð um Körfuknattleiksmót verði samþykkt óbreytt.

2. Að körfuknattleikslögin taki gildi 1. jan. 1962.

Lagði nefndin til, að tillögur þessar yrðu samþykktar.

Urðu nokkrar umræður og voru þær síðan samþykktar óbreyttar.

Þá var tekið fyrir álit allsherjarnefndar, en hún hafði fjallað um uppkast að tækniþrautum KKI fyrir piltar og stúlkur á aldrinum 12 - 15 ára.

Var samþykkt að fela stjórn KKI að taka upp tæknimerki í körfuknattleik og sjá um undirbúning og útgáfu reglna þar að lútandi.

Næst lá fyrir kosning í körfuknattleiksdómstól, og voru þessir kosnir:

Ingi Þorsteinsson og til vara

Finnbjörn Þorvaldsson

Kosning stjórnar:

Stungið var upp á Boga Þorsteinssyni sem formanni og var hann kosinn með öllum atkvæðum.

Meðstjórnendur voru kosnir:

Matthías Matthíasson

Kristinn Jóhannsson

Einar Ólafsson

Magnús Björnsson

Formaður útbreiðslunefndar:

Ásgeir Guðmundsson.

Formaður laga og leikreglanefndar:

Helgi Jónsson.

Varastjórn:

Halldór Sigurðsson
Ingi Gunnarsson
Rúnar Brynjólfsson.

Endurskoðendur:

Þórir Guðmundsson
Helgi Sigurðsson

Fulltrúi KKI á Íþróttahring í júní 1962:

Bogi Þorsteinsson
Ásgeir Guðmundsson til vara.

Hinn nýkjörni formaður KKI, Bogi Þorsteinsson, kvæddi sér hljóðs og þakkaði þinginu það traust, er það sýndi með því að kjósa sig enn til formennsku. Að lokum kvæddi forseti ISI, Benedikt G. Waage, sér hljóðs og lýsti yfir ánægju sinni yfir störfum þingsins og þróun körfuknattleiks-íþróttarinnar í landinu undir stjórn KKI og óskaði sambandinu allra heilla.

Síðan ávarpaði þingforseti, Sigurgeir Guðmannsson, þingfulltrúa nokkrum orðum og sleit síðan körfuknattleiksþingi. Þá var kl. 18,30.